

## Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 fimmtudaginn 12. janúar 2017

**Mættir:** Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir ritari, Elsa Guðmundsdóttir, Eva Hannesdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Ragnar Marteinnsson, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Jacky Pellerin landsliðsþjálfari og Emil Örn Harðarson mótastjóri

**Í leyfi:** Lóa Birna Birgisdóttir og Jónas Tryggvason

**Afboða, mæta ekki:** Pétur Einarsson og Richard Kristinsson

Fundur settur kl. 19:10

### 1. Fundargerðir og skýrslur

- a. Engar fundargerðir liggja fyrir

### 2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Ragna Sigríður Ragnarsdóttir	Sd. Ármanns	Sd. Breiðablik	23.12.2016	22.01.2016

### 3. Staðfesting meta

#### 50 metra laug

**Meyja**

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m flugsund	Sólveig María Baldursdóttir	ÍRB	2:49,20	15.12.16	Reykjanesbær
4x100m skriðsund	Sveit ÍRB	ÍRB	4:08,30	15.12.16	Reykjanesbær
	Sylwia Sienkiewicz				
	Stefanía Sigurþórsdóttir				
	Sunneva Dögg Robertson				
	Eydís Ósk Kolbeinsdóttir				

#### 25 metra laug

**Stúlkna**

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x100m skriðsund	Sveit ÍRB	ÍRB	3:58,26	14.12.16	Reykjanesbær
	Stefanía Sigurþórsdóttir				
	Sylwia Sienkiewicz				
	Eydís Ósk Kolbeinsdóttir				
	Sunneva Dögg Robertson				

**Karla**

**Garpar 25-29 ára**

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m skriðsund	Sigurður Örn Ragnarsson	Ægir	2:02,85	10.12.16	Reykjavík

### 4. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi

### 5. Tillögur sem liggja fyrir

#### a. Tillaga um landsliðsþjálfara og þjálfarateymi SSÍ

- i. Stjórn SSÍ samþykkir að framlengja samning við núverandi landsliðsþjálfara og felur formanni og varaformanni að semja við hann um hæfilegar greiðslur fyrir þjónustu hans. Jafnframt samþykkir stjórn SSÍ að setja á fót svokallað þjálfarateymi landsliða, þar sem landsliðsþjálfari yrði í forsvari. Gengið er út frá því að landsliðsþjálfari sinni verkefnum A landsliða (HM, EM, GSSE og ÓL), en aðrir þjálfarar í teyminu skipti með sér hlutverki þjálfara í landsliðsverkefnum unglunga og ef þörf er á aukþjálfara með A landsliði. Stjórn felur formanni, landsliðsþjálfara og landsliðsnefnd að velja í þjálfarateymið og útfæra verkefni þess. Þá felur stjórn SSÍ felur formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra að semja við þau félög og þjálfara í þjálfarateymi SSÍ um eðlilegar greiðslur vegna þessara verkefna.

*Staðfest*

## Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 fimmtudaginn 12. janúar 2017

---

### b. Tillaga um landsliðsæfingar

- i. Stjórn SSÍ samþykkir að taka upp sameiginlegar landsliðsæfingar fyrir afreks- og unglíngalandslið í sundi. Landsliðsæfingarnar skulu vera einu sinni í mánuði á laugardegi. Markmið slíkra æfinga er eftirfarandi:
- Að landsliðsþjálfari og aðrir þjálfarar sem sinna verkefnum fyrir SSÍ, sjái sundfólkið í lauginni og hafi tækifæri til að ná sambandi við sundfólkið án truflunar
  - Að æfa boðsundsskiptingar landsliða ásamt öðru því sem þjálfarar telja nauðsynlegt að þjálfa sérstaklega
  - Að ná upp hópanda í landsliðum SSÍ
  - Að sjúkrapþjálfari og sálfræðingur geti metið þörf á aðstoð og þjónustu og komist í samband við sundfólkið
  - Að veita sundfólkinu fræðslu
  - Að gefa sundfólkinu færi á að afla sér upplýsinga um stöðu verkefna SSÍ
  - Að SSÍ hafi tækifæri til að koma upplýsingum til sundfólksins milliliðalaust
- Landsliðsæfingar eru ætlaðar sundfólki sem hefur
- tekið þátt í A landsliðsverkefnum og stefnir á fleiri keppnisverkefni
  - tekið þátt í unglíngaverkefnum og stefnir á fleiri keppnisverkefni
  - og sundfólki sem uppfyllir viðmið þjálfarateymis SSÍ og stefnir að þátttöku í verkefnum.

Gert er ráð fyrir að allt ofangreint sundfólk mæti án undantekninga á landsliðsæfingar.

Þjálfarateymi SSÍ heldur utan um og ber ábyrgð á mætingum á landsliðsæfingar og sundfólkið verður að gera teyminu grein fyrir mögulegum fjarvistum.

Það sundfólk sem býr í meira en 100 km. rafi frá æfingastað og hefur hug á að sækja landsliðsæfingu getur sótt um ferðastyrk frá SSÍ. Leiðbeiningar munu berast frá skrifstofu SSÍ.

*Staðfest*

### c. Tillaga um ráðstöfun á styrk Afrekssjóðs ÍSÍ til SSÍ

- i. SSÍ fékk úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ kr. 13.550.000 í verkefni SSÍ. Gert er ráð fyrir að hluti fjárhæðarinnar verði tekin frá til að nýta sérstaklega í verkefni Eyglóar Óskar Gústafsdóttur, Hrafnhildar Lúthersdóttur og Antons Sveins Mckee samkvæmt leiðbeiningum frá ÍSÍ og miðað verður við nýtingu styrkja ársins 2016. Einnig er gert ráð fyrir að á sama hátt verði teknir frá fjármunir til að nýta sérstaklega í verkefni Bryndísar Rúnar Hansen. Stjórn SSÍ felur formanni, varaformanni og framkvæmdstjóra að gera samninga við ofangreint sundfólk þannig að það sé sameiginlegur skilningur um ráðstöfun þessa fjármagns sem ætlað er í verkefni nafngreindra einstaklinga. Í samningunum þarf að koma fram hvernig samskiptum SSÍ og sundfólksins skal háttað, æfingaáætlanir og markmið sundfólksins, mögulegar framfærslugreiðslur og fleira.

*Staðfest*

## 6. Verkefni framundan samkvæmt starfsáætlun

- Málþing 4. febrúar 2017
  - Hugmyndir um málefni
    - Fjölmíðlamál
    - Fræðslumál
    - Mótamál
    - Landsliðsmál
    - Almenningssund
    - Samskipti milli félaga og sambands
    - Aðrar sundíþróttir en keppnissund
- RIG 27. – 29. janúar 2017
  - Skjárinn í Laugardal er óvirkur – ekki tilbúin lausn að sinni

## Fundargerð 22. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 fimmtudaginn 12. janúar 2017

---

- ii. Keppendur koma frá Danmörku, Noregi, Færeyjum, Finnlandi, Kuwait, Brasilíu, Ghana og Íslandi
- iii. SSÍ og Sf Ægir vinna að verkefninu saman
- c. Sundþing 10.-11. mars 2017
  - i. Þingtilkynning verður send frá skrifstofu SSÍ 27. janúar 2017
  - ii. Þingmál verða kynnt 10. febrúar 2017
  - iii. Framkvæmdastjóri og stjórnarmaður Eva Hannesdóttir kanna mögulegar staðsetningar og senda stjórn til staðfestingar í rafpósti
  - iv. Umræða um möguleg málefni
  - v. Umræða um framboð til stjórnar

### 7. Önnur mál

- a. Verkferlar SSÍ
  - i. Liggja fyrir að hluta og eru í lokavinnslu
  - ii. Til stendur að setja saman gæðahandbók
  - iii. Bæta þarf upplýsingaflæði frá félögum til SSÍ og frá félögum til foreldra og sundfólks
- b. Stjórn heimilar formanni og varaformanni að ráða hlutastarfsmann í febrúar og mars ef þarf.
- c. Kynntur var fyrirlestur Þorgríms Þránínssonar um góða liðsheild og liðsanda og áhugi á að fá Þorgrím með erindið í landsliðshópana. Einnig er Brynjar Karl hjá Key Habits með góð fræðsluerindi í sama anda og um markmiðssetningu.

Fundi slitið kl. 21:11